

**92** viðkomandi aukabingi fyrir hinum reglulega dómara eða þá setudómara; en það verður 8. maí. auðvitað undir dómsúrskurði komið, hvort ástæða sje til að taka rannsóknina upp að nýju eða nokkra hluta hennar, og verði hjeradsdómariinn þá sjálfur að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem nauðsynlegar eru til þess, að málið, er þar að kemur, geti orðið lagt fyrir yfirjettinn í því ástandi, að eigi þurfi að vænta að málsmeðferðin verði dæmd ómerk.

Því skal jeg bæta við, að jeg er yður að visu samdóma, herra amtmaður, um það, að sú skoðun sje ekki rjett, er yfirjettardómurinn er byggður á, að amtsbrjefið 4. febr. þ. á., sem skipar Jón landritara Jónsson til að framhalda rannsókn þeirri, er hjer ræðir um, í stað hins reglulega dómara Theodórs bæjarfógeta Jónassens, verði að skoða sem „commissorium“, sem landshöfðingja og amtmann hafi brostið heimild til að gefa. En það er auðvitað, að eini vegurinn til að fá breytt yfirjettardómi þeim, sem á þessari skoðun er byggður, er sá, að skjóta málinu til hæstarjettar; en mjer hefir eigi þótt ástæða til að gefa tilefni til, að það væri gjört, að því er snertir fangelsisúrskurðinn yfir Sigurðari Ólafssyni.

Hinsvegar virðist mjer þetta ekki næg ástæða til, að skipa sjerstakan dómstól til að dæma mál þetta, með því að ætla má, að þá er yfirjetturinn kvað dóminn upp um fangelsisúrskurð þann, er til hans var skotið, hafi eigi fyrir honum legið brjef yðar, herra amtmaður, frá 3. jan. þ. á. (prófsgjörðirnar bls. 44—46), þar sem skýrlega er tekið fram, hver tilgangurinn væri með að skipa setudómara, og af hverjum ástæðum amtið óskaði samþykkis landshöfðingja til þess að fela starf þetta Jóni landritara Jónssyni. Og þar að auki getur hjeradsdómurinn eins og áður er ávíkið, áður en hann dæmir í málinu tekið nauðsynlegt tillit til dóms þess, er yfirjetturinn hefir upp kveðið.

Skjöl málsins endursendast með þessu brjefi.

**93** — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir uorður- og austurumdæminu um 8. maí. lögsókn gegn Norðmönnum. — Með brjefi frá 11. f. m. senduð þjer mjer, herra amtmaður, skýrslur sýslumannanna í Eyjafjarðarsýslu og í báðum Múlasýslum um, hvernig Norðmenn þeir, er árið sem leið stunduðu fiskiveiðar í landhelgi hafi fullnægt fyrir mælum laganna að því, er snertir skilyrðin fyrir að mega stunda þenna atvinnuveg, og hafið þjer lagt það nndir úrskurð minn, hvort eigi bera að láta lögsökja hlutadeigendur, þegar þeir koma hingað til lands á yfirstandandi sumri, fyrir ólöglegar fiskiveiðar að því leyti til, að þeir hafa eigi fullnægt því skilyrði að hafa fastan bústað hjer á landi, og þar að auki að brýna fyrir lögreglustjórunum að gefa eptirleiðis nakvæmar gætur að því, að þeir Norðmenn, sem hafa tekið sjer bústað hjer, noti eigi við fiskiveiðarnar önnur skip en þau, sem hafa einkunn innlendra skipa.

Út af þessu vil jeg geta þess, að jeg í brjefi frá 2. þ. m. hefi lagt fyrir yður, herra amtmaður, að brýna fyrir viðkomandi lögreglustjórum það, sem nauðsyn er á, að því er snertir eptirlitið framvegis með Norðmönnum þeim, sem hjer eiga hlut að máli samkvæmt ráðgjafabrjefum frá 7. febr. og 14. apríl þ. á. (stjórntíð. B 74, 75 og 76) og skal jeg nú, um leið og jeg vísa til 3. málsgreinar hins síðast nefnda brjefs, að því er snertir notkun opinna báta við nefndar fiskiveiðar, þjónustusamlega tjá yður, að jeg er samdóma yður um, að lögsökja beri þá Norðmenn, sem eigi hafa fullnægt fyrir mælum laganna um að taka sjer fastan bústað hjer á landi, svo að dómstólarnir geti gjört út um það, hvort skilyrðum þeim, er lögin ákveða fyrir að stunda fiskiveiðar í landhelgi hafi verið fullnægt í hverju einstöku tilfelli.